Mýrdalshreppur
George Frumuselu
Austurvegi 17
870 Vík, Mýrdal

Reykjavík, 20. janúar 2022
UST202112-122/A.Þ.
10.04.02

**Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012 - 2028 og deiliskipulag fyrir Ytri Sólheima**

Vísað er til erinda skipulags- og byggingarfulltrúa Mýrdaldalshrepps er bárust 9. og 17. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012 - 2028 og deiliskipulag fyrir Ytri Sólheima 1, 1A og lóð.

Í greinargerð aðalskipulagstillögunnar kemur fram að breytingin felur í sér að staðsetning verslunar- og þjónustusvæðis V26, Gisti- og ferðaþjónusta á Ytri-Sólheimum, er leiðrétt, nýtingarhlutfallið er lækkað í 0,1 og svæðið er stækkað úr 1,2 ha í 7,7 ha. Umhverfisstofnun bendir á að í deiliskipulagstillögunni segir aftur á móti að svæðið sé 8,45 ha.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við ofangreindar tillögur.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Fullgild rafræn undirskrift
AXEL BENEDIKTSSON
2022-01-20 15:18:07 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
AGNES ÞORKELSDÓTTIR
2022-01-20 15:20:16 GMT
Ástæða: Undirskrift